NÁMSGREIN: TÓNLIST OG LEIKLIST
KENNSLUYFIRLIT: VETURINN 2024-2025

Bekkur: ***1. bekkur.***

Kennari: ***Anna Margrét Óskarsdóttir***

Kennsluhættir:

2 samfelldar kennslustundir í viku. Í fyrri kennslustund verður að jafnaði lögð áhersla á tónlist og leiklist í þeirri seinni en námsgreinarnar munu skarast að hluta með samþættingu. Í tónlistarhluta verður leitast við að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, tónblæ, styrk, hljómum, túlkun og formi. Í leiklistarhluta að efla samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu, Kennslan byggir m.a. á innlögn, kveikjum og endurgjöf sem skal vera leiðbeinandi, regluleg og markviss og leiða til framfara nemandans. Einstaklings- og hópavinna.

Námsþættir:

Söngur, leikur, textavinna, orðskilningur, leikur, hljóðfæri, taktur, spuni, sköpun og framsögn.

Námsmat

Þátttaka, hegðun, hlustun, viðhorf, virkni í tímum, vinnusemi, samvinna, umgengni og sköpun.

Námsgögn:

Námsefni frá kennara

Syngjandi skóli

Hljóðfæri, hljóðgjafar

Youtube og annað vefrænt efni

Orðaforði:

Nafnorð: *söngur, tónn, nóta, hljómur, taktur, upptaktur, tónverk, tónhæð, tóntegund, tónstigi, lag, texti, hljóðstyrkur, styrkleiki, tónbil, hrynjandi, hljóð.*

Sagnorð: *syngja, leika, spila, semja, skapa, horfa, hlusta, túlka, hækka, lækka,*

Lýsingarorð: hratt, hægt, sterkt, veikt, fallegt, rólegt,

Tímabil	**Námsþættir**	**Leiðir**	**Hæfniviðmið**	**Námsmat**
Nemandi mætir einu sinni í viku tvær kennslustundir í senn yfir fjórðung vetrar í um það bil 8 skipti.	söngur/hreyfileikir leikur málörvun orðskilningur hljóðfæri taktur/rytmi spuni sköpun og framsögn.	Verklegir tímar þar sem áhersla er á söng að læra í gegnum leik og söng. Þjálfa samskiptafærni – læra að vinna í hóp og taka tillit til annarra. Reyna að virkja alla nemendur til þátttöku og efla sjálfstraust. Tímarnir byrja á upphitun þar sem verður bæði sungið og farið í hópleiki eða stuttar leikæfingar/spuna.	• Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun. • greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna • leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri eða önnur skólahljóðfæri. • tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt. • Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun. • Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitsemi.	Símat Þátttaka Hegðun Hlustun Viðhorf og virkni í tímum Vinnusemi Samvinna Umgengni Sköpun

		Verkefnablöð/námsbækur í samræmi við áherslur hverju sinni og aldur/getu. Semja lag og texta. Róleg stund í slökun eða leik. Jákvæður agi	• sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi. • notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína. • sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna. • beitt einföldu formi leiklistar.	